

Því úrskurðast:

Vitninu Unnsteini Beck skal heimilt að staðfesta framburð sinn með eiði.

Föstudaginn 5. desember 1952.

Nr. 83/1952. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
Guðmundi Óskari Jónssyni
 (Ragnar Ólafsson).

Ákæra um brot gegn 219. gr. laga nr. 19/1940
 og bifreiðalögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Við þann kafla Sundlaugavegar, sem ákærði ók, áður en slysið varð, eru engin hús, og ekki verður séð, að ákærði hafi í umrætt skipti mátt af öðrum sökum búast við óvæntri umferð inn á akbrautina. Er ákærði nálgast húsið Víðivelli, sá hann fullorðinn mann á göngu nokkru vestar á veginum, og hélt hann sig á nyrðri vegarbrún. Þegar ákærði sá manninn, gaf hann hljóðmerki, og hélt maðurinn óbreyttri stefnu eftir það, þar til bifreið ákærða átti skammt ófarið til hans, en þá beygði maðurinn þvert suður yfir veginn og varð í þeim svifum fyrir bifreið ákærða, sem gaf enn hljóðmerki og gerði tilraun til að hemla bifreiðina.

Þegar litið er til þess, að ákærði gaf þannig með fyrirvara til kynna för sína, að hann mátti gera ráð fyrir því, að vegfarandinn hefði heyrt hljóðmerkið og ákærði gat eigi búizt við slíkum viðbrögðum af hálfu fullorðins manns, sem raun bar vitni, þykir eigi verða talið, að ákærði hafi sýnt þá vangæzlu í akstri, að varði við 1. málsg. 27. gr. laga nr. 23/1941. Eins og aðstæðum var háttað samkvæmt framansögðu og þegar litið er til þess, að áreksturinn virðist ekki hafa verið harður, þykir heldur ekki verða staðhæft, að hraði bifreiðar ákærða hafi verið þannig, að ákærði hafi gerzt sekur við 5. málsg.

26. gr. sömu laga. Þá ber einnig að sýkna ákærða af ákæru um brot á 219. gr. laga nr. 19/1940, enda voru og meiðsli þau, er vegfarandinn hlaut, eigi svo mikil, sem lýst er í 218. gr. sömu laga.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað af sökinni á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun í héraði, kr. 300.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Óskar Jónsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Ríkissjóður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða í héraði, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00, og málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Sératkvæði Jóns Ásbjörnssonar hæstaréttardómara.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var flughálka á veginum, þar sem slys það varð, sem mál þetta er risið af. Þrátt fyrir hina miklu hálfu ók ákærði á um 25 km hraða, miðað við klukkustund. Verður að fallast á þá skoðun héraðsdómara, að slíkur hraði hafi verið allt of mikill, miðað við aðstæður. Hefur ákærði því gerzt sekur við 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. laga nr. 23/1941. Hins vegar voru meiðsli hins slasaða manns ekki slík, sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af broti á 219. gr. þeirra laga.

Refsingu ákærða tel ég hæfilega ákveðna í héraðsdómi, en greiðslufrestur sektar telst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessari niðurstöðu á ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

Dómsorð :

Ákærði, Guðmundur Óskar Jónsson, greiði kr. 300.00 sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. apríl 1952.

Ár 1952, laugardaginn 19. apríl, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, fulltrúa sakadómarara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1124/1952: Ákærvaldið gegn Guðmundi Óskari Jónssyni, sem dómtekið var 16. apríl s.l.

Málið er höfðað gegn Guðmundi Óskari Jónssyni bílstjóra, til heimilis að Hjallavegi 27 hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherra ákærður fyrir brot á 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940 og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941 með því að hafa hinn 24. desember 1951 ekið bifreið sinni R 3034 vestur Sundlaugaveg með of miklum hraða, miðað við aðstæður, þar sem hálka var á veginum, og án nægjanlegrar aðgæzlu og með því orðið meðvaldur að árekstri bifreiðarinnar R 3034 og Stefáns Stefánssonar, sjúklings á Kleppi, sem stökk út á akbrautina, er ákærði nálgadist í bifreið sinni.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt 219. gr. hegningarlaga og 38. gr. bifreiðalaga, til réttindasviptingar samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 21. janúar 1918 á Gunnlaugsstöðum í Stafholtstungum. Hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1943 1/9 Reykjavík. Sátt: 300 króna sekt fyrir að veita bílstjóra áfengi við bifreiðarakstur.

1945 25/11 Reykjavík. Sátt: 20 króna sekt fyrir ljósleysi á bifreið.

1947 29/9 Reykjavík. Sátt: 20 króna sekt fyrir afturljósleysi á bifreið.

1950 22/6 Reykjavík. Sátt: 50 króna sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þessir:

Um kl. 14.30 mánudaginn 24. desember 1951 ók ákærði bifreið sinni R 3034, sem er 6 manna leigubifreið, vestur Sundlaugaveg hér í bæ. Veður var bjart, snjór á jörðu og flughálka á veginum. Ákærði hafði snjókeðjur á báðum afturhjólum. Ákærði ók á 20—30 km hraða, á að gizka. Rétt austan

við húsið Viðivelli við Sundlaugaveg sá ákærði mann á gangi vestur veginn. Maður þessi gekk eftir nyrðri jaðri götunnar. Ákærði gaf þegar hljóðmerki til að gera manningnum aðvart um, að bifreið sín nálgædist, því að hann vissi, hversu vegurinn var háll. Ákærði sá og í þessum svifum sendiferðabifreið, er stóð móts við húsið Viðivelli á norðurjaðri götunnar, og snéri bifreiðin í austur. Gangandi maðurinn var þá rétt framan við sendiferðabílinn. Er ákærði átti eftir um 2 billengdir að manningnum, gekk maðurinn allt í einu þvert suður yfir götuna. Ákærði gaf hljóðmerki og hemlaði, en sökum hálkunnar rann bíllinn áfram, og varð maðurinn fyrir miðjum framenda bílsins. Við höggið kastaðist maðurinn frá bílnum til vinstri og féll niður við syðri brún vegarins í um 5 metra fjarlægð frá sjálfum slysstaðnum. Ákærði mun þá hafa létt á hemlum og lagt á bílinn til hægri frá manningnum, og stöðvaðist bíllinn tæpa 20 metra frá slysstaðnum. Er ákærði kom að manningnum, var hann meðvitundarlaus, en hann raknaði við nokkru síðar og stóð hjálparlaust á fætur. Ákærði segir manningnum hafa gengið eðlilega fyrir slysið.

Í sendiferðabifreiðinni var Sigurbjörn Einar Einarsson, til heimilis á Viðivöllum við Sundlaugaveg, 32 ára að aldri. Hann hefur skýrt frá aðdragandanum að slysi þessu og slysinu sjálfu mjög á sama veg og ákærði. Hann heyrði ákærða gefa hljóðmerki, nokkru áður en að manningnum kom, og er um 5 metrar voru á milli bílsins og mannsins, gekk maðurinn mjög skyndilega þvert út á götuna og varð fyrir bílnum með þeim hætti, sem áður greinir. Sigurbjörn Einar segir manningnum hafa gengið nokkuð reikult, eins og hann væri óákveðinn í því, hvort hann ætlaði yfir veginn eða að halda áfram stefnunni vestur veginn.

Maður sá, sem fyrir slysi þessu varð, heitir Stefán Stefánsson. Er hann sjúklingur á geðveikraspítalanum á Kleppi. Hann hefur sjálfur ekkert getað skýrt frá slysi þessu. Þórður Möller læknir hefur gefið svohljóðandi vottorð um meiðsli Stefáns, dags. 11. janúar s.l.:

„Þann 24/12 síðastliðinn nokkru eftir hádegi kom sjúkrabifreið hingað að spítalanum með slasaðan mann. Var það Stefán Stefánsson, sjúklingur hér á spítalanum. Var mér tjáð, að hann hefði orðið fyrir bifreið á leiðinni inn í bæ. Stefán var með fullri meðvitund, en gat þó ekki gert neina verulega grein fyrir því, hvað skeð hefði, nema að hann hefði orðið fyrir bifreið. Hann gat svo gengið sjálfur inn á spítalann með litlum eða engum stuðningi, en var samt dálítið óstyrkur.“

Meiðsli voru ekki mikil sjáanleg á sjúklingnum, um það bil 3 cm skurður yfir utanverðri vinstri augnabrún, sem tekinn var saman með tveimur sporum; smáskrámur voru nokkrar í andlitinu að auki. Sömu leiðis var hann marinn á vinstra fæti, en óbrotinn, og sömu leiðis nokkuð marinn á hægri síðu; kveinkaði hann sér mjög við snertingu þar, svo að settar voru til vonar og vara umbúðir, eins og um rifbrot væri að ræða. Nokkur mismíði voru finnanleg, en gátu stafað af gömlu meiðsli þar á síðunni.“

Röntgenmynd var aldrei tekin af meiðslum Stefáns. Það er því allt á huldu um, hvort Stefán rifbrotnaði í slysi þessu, því að læknir sá, sem fyrr er nefndur, kvaðst ekki geta fullyrt neitt um þetta.

Aðrir en þeir, er nú hafa verið greindir, eru eigi til frásagnar um slyss þetta.

Ljóst er af framanskráðri atvikalýsingu, að meginorsök slyssins er hið óeðlilega viðbragð Stefáns, er hann gekk skyndilega í veg fyrir R 3034 án þess að huga nokkuð að umferðinni. Ákærði þykir þó eiga nokkra sök með því að aka of hratt, miðað við allar aðstæður. Hann segist sjálfur hafa ekið á 20—30 km hraða. Það, hversu Stefán kastaðist langt frá bílnum og hversu billinn stöðvaðist á löngu færi, þykir og benda ótvírætt til of hraðs aksturs, eins og færinu var farið. Ákærði þykir því ekki hafa sýnt nægilega aðgæzlu við aksturinn umrætt skipti og þar með gerzt meðvaldur að slysinu, og þar sem meiðsli Stefáns reyndust alvarlegs eðlis, hefur ákærði með akstri sínum brotið gegn lagagreinum þeim, er í ákæruskjali getur. Með hliðsjón af 77. gr. hegningarlaga og samkvæmt 219. gr. sömu laga og 38. gr. bifreiðalaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin kr. 300.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykir ástæða til að svipta ákærða ökuréttindum.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Ragnars Ólafssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 300.00.

Dómsorð:

Ákærði, Guðmundur Óskar Jónsson, greiði kr. 300.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Ólafssonar hrl., að upphæð kr. 300.00. Dómi þessum skal fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 8. desember 1952.

Nr. 134/1952. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn
Þorgrími Viðari Jóhannessyni
 (Sigurður Ólason).

Manndráp af gáleysi. Brot gegn 215. gr. laga nr. 19/1940, bifreiðalögum og umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Ákærði hefði átt að gefa hljóðmerki, er hann nálgaðist bifreið þá, sem flutti verkamennina, og gæta ýtrustu varkárni í